



Samandreginn  
árshlutareikningur  
1. janúar til 30. júní 2013

Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjárfirlit .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu, efnahagsreikningi, eiginfjáryfirliti, sjóðstreymisyfirliti, auk upplýsinga um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu 1.487,9 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 14.750,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé í lok júní 2013 skiptist á fjóra hluthafa, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Landsvirkjun .....	64,73%
Rarik ohf. ....	22,51%
Orkuveita Reykjavíkur .....	6,78%
Orkubú Vestfjarða ohf. ....	5,98%

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2013 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2013.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. ágúst 2013.

Stjórn félagsins:

Geir A. Gunnlaugsson  
Svana Helen Björnsdóttir  
Ómar Benediktsson

Forstjóri:

Þórður Guðmundsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Landsnets hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2013 sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 *Árshlutareikningar*.

Reykjavík, 12. ágúst 2013.

**KPMG ehf.**

Sæmundur Valdimarsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

## 1. janúar til 30. júní 2013

	Skýr.	1.1.-30.6.2013	1.1.-30.6.2012
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur af raforkuflutningi .....	5,6	6.985.000	6.108.687
Aðrar tekjur .....		79.797	49.293
		7.064.797	6.157.980
<b>Rekstrargjöld</b>			
Orkukaup og kerfisþjónusta .....	7	744.857	641.700
Rekstur flutningskerfis .....	8	1.768.145	1.715.903
Kerfisstjórn .....	8	469.585	474.385
Annar rekstrarkostnaður .....	8	473.545	379.856
		3.456.132	3.211.844
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		3.608.665	2.946.136
Fjármunatekjur .....		309.623	102.299
Fjármagnsgjöld .....		( 2.071.142)	( 2.749.448)
Hrein fjármagnsgjöld .....	9	( 1.761.519)	( 2.647.149)
Áhrif hlutdeildarféлага .....		10.217	( 4.506)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		1.857.363	294.481
Tekjuskattur .....	10	( 369.429)	( 58.896)
<b>Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins</b> .....		1.487.934	235.585
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hverja krónu hlutafjár .....		0,25	0,04

Skýringar nr. 1 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

## Efnahagsreikningur 30. júní 2013

	Skýr.	30.6.2013	31.12.2012
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	11	57.987.556	58.625.415
Flutningsvirki í byggingu .....	11	4.374.054	1.769.671
Óefnislegar eignir .....	12	1.407.967	1.376.230
Eignarhlutur í dótturfélagi .....		500	500
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi .....		654.068	643.851
Langtímakröfur .....		29.108	34.929
Fastafjármunir		64.453.253	62.450.596
 Birgðir .....		 589.005	 522.301
Viðskiptakröfur á móðurfélag .....	17	717.600	648.398
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		898.033	690.778
Markaðsverðbréf .....		243.626	251.027
Handbært fé .....		9.214.536	10.309.772
Veltufjármunir		11.662.800	12.422.276
<b>Eignir samtals</b>		<b>76.116.053</b>	<b>74.872.872</b>
 <b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		5.902.733	5.902.733
Endurmatsreikningur .....		11.317.047	11.593.238
Ójafnað eigið fé .....		( 2.469.011)	( 4.233.136)
Eigið fé		14.750.769	13.262.835
 <b>Skuldir</b>			
Skuldir við móðurfélag .....	13	43.662.452	42.675.190
Aðrar vaxtaberandi langtímaskuldir .....	13	11.298.754	12.141.815
Tekjuskattsskuldbinding .....	14	2.161.361	1.791.932
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		290.970	300.678
Niðurrifsskuldbinding .....		754.395	734.307
Langtímaskuldir		58.167.932	57.643.922
 Skuldir við móðurfélag .....	13	 510.608	 1.402.366
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda .....	13	916.279	968.844
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		1.770.465	1.594.905
Skammtímaskuldir		3.197.352	3.966.115
<b>Skuldir samtals</b>		<b>61.365.284</b>	<b>61.610.037</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>76.116.053</b>	<b>74.872.872</b>

Skýringar nr. 1 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

## Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2013

---

	Hlutafé	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
<b>Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2012:</b>				
Eigið fé 1. janúar 2012.....	5.902.733	12.293.653	( 5.734.504)	12.461.882
Heildarhagnaður tímabilsins.....			235.585	235.585
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....		( 284.777)	284.777	0
Eigið fé 30. júní 2012.....	<u>5.902.733</u>	<u>12.008.876</u>	<u>( 5.214.142)</u>	<u>12.697.467</u>
<b>Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2013:</b>				
Eigið fé 1. janúar 2013.....	5.902.733	11.593.238	( 4.233.136)	13.262.835
Heildarhagnaður tímabilsins.....			1.487.934	1.487.934
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....		( 276.191)	276.191	0
Eigið fé 30. júní 2013.....	<u>5.902.733</u>	<u>11.317.047</u>	<u>( 2.469.011)</u>	<u>14.750.769</u>

Skýringar nr. 1 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2013

	Skýr.	1.1.-30.6.2013	1.1.-30.6.2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		3.608.665	2.946.136
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</b>			
(Söluhagnaður) - tap fastafjármuna .....	(	298)	675
Afskriftir .....	8	1.241.053	1.231.632
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		4.849.420	4.178.443
Rekstartengdar eignir, hækkun .....	(	335.761)	( 54.268)
Rekstartengdar skuldir, lækkun .....	(	64.944)	( 75.422)
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		4.448.715	4.048.753
Innborgaðar vaxtatekjur .....		107.526	23.400
Greidd vaxtagjöld og gengismunur .....	(	1.842.142)	( 1.942.295)
Handbært fé frá rekstri		2.714.099	2.129.858
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í flutningsvirkjum .....	11	( 3.064.020)	( 775.323)
Aðrar fjárfestingar .....	11,12	( 175.797)	( 216.329)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		802	14.624
Greiddur arður frá hlutdeildarfélagi .....		0	1.548
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, lækkun (hækkun) .....		239.635	( 28.818)
Fjárfestingarhreyfingar		( 2.999.380)	( 1.004.298)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir af skuldum við móðurfélag .....	13	0	( 3.657.360)
Afborganir annarra lána .....		( 460.785)	( 66.085)
Fjármögnunarhreyfingar		( 460.785)	( 3.723.445)
<b>Lækkun á handbæru fé</b> .....		( 746.066)	( 2.597.885)
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé</b> .....		( 349.170)	220.610
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		10.309.772	10.242.916
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b> .....		9.214.536	7.865.641

Skýringar nr. 1 til 18 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

# Skýringar

## 1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er árshlutareikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti á árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins [www.landsnet.is](http://www.landsnet.is) og [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com)

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2012, að öðru leiti en því sem fram kemur hér á eftir.

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

### Nýjir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur innleitt alla reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabili sem hófust 1. janúar 2013 og hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu. Af þeim hafði einvörðungu IFRS 13 *Gangvirðisbreytingar* áhrif á árshlutareikning félagsins.

IFRS 13 setur fram ramma um mat á gangvirði og skýringar vegna gangvirðis þegar slíks mats er krafist eða heimilað samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Staðallinn samræmir skilgreiningu á gangvirði sem verð í hefðbundnum viðskiptum með eign eða skuld á matsdegi. Staðallinn tekur jafnframt yfir og útvíkkar skýringarákvæði um mat á gangvirði í öðrum stöðlum, þar með töldum IFRS 7, *Fjármálagerningar: skýringar*. Ákveðinna skýringa er krafist í árshlutareikningum og hefur samstæðan sett fram viðbótarskýringar vegna þessa.

Í samræmi við innleiðingarákvæði IFRS 13 beitir félagið leiðbeiningum um mat á gangvirði framvirkt og eru samanburðarfjárhæðir einvörðungu birtar fyrir þær skýringar sem áður var krafist að væru til staðar í ársreikningi. Innleiðing staðalsins leiddi ekki til breytinga á mati félagsins á gangvirði.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 5. Tekjur af raforkuflutningi

	2013	2012
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:		
Orkuflutningur .....	6.273.039	5.458.781
Flutningstap og kerfisþjónusta .....	652.734	595.206
Þjónustutekjur og jöfnunarorka .....	14.519	13.683
Innmötunargjald .....	44.708	41.017
Tekjur af raforkuflutningi samtals .....	6.985.000	6.108.687

## 6. Orkuflutningur

Orkuflutningur greinist þannig:

Orkuflutningur til stórnótenda .....	4.616.165	3.813.140
Orkuflutningur til dreifiveitna .....	1.656.874	1.645.641
Orkuflutningur samtals .....	6.273.039	5.458.781

## Skýringar, frh.:

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
<b>7. Orkukaup og kerfisþjónusta</b>		
Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-30.6.</b>
Orkukaup vegna flutningstapa .....	446.245	425.759
Kerfisþjónustukaup .....	298.612	215.941
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals .....	<u>744.857</u>	<u>641.700</u>
<b>8. Afskriftir</b>		
Afskriftir greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 11 .....	1.232.842	1.209.553
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 12 .....	8.211	22.079
Afskriftir færðar í rekstrarreikning .....	<u>1.241.053</u>	<u>1.231.632</u>
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Rekstur flutningskerfis .....	1.159.021	1.143.023
Kerfisstjórn .....	31.908	27.061
Annar rekstrarkostnaður .....	50.124	61.548
Afskriftir færðar í rekstrareikning .....	<u>1.241.053</u>	<u>1.231.632</u>
<b>9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	101.330	21.572
Tekjur af verðbréfaeign .....	6.196	1.828
Gengishagnaður .....	202.097	78.899
Fjármunatekjur samtals .....	<u>309.623</u>	<u>102.299</u>
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 2.173.464)	( 2.769.575)
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar .....	( 20.088)	( 18.819)
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu .....	122.410	38.946
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 2.071.142)</u>	<u>( 2.749.448)</u>
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 1.761.519)</u>	<u>( 2.647.149)</u>
Eignfærður fjármagnskostnaður nam 7,8% á ársgrundvelli af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu og undirbúningsverkefnum á tímabilinu.		
<b>10. Tekjuskattur</b>		
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Frestaður tekjuskattur tímabilsins .....	( 369.429)	( 58.896)
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi .....	<u>( 369.429)</u>	<u>( 58.896)</u>
Breyting reiknaðrar tekjuskattsskuldbindingar greinist þannig:		
Breyting á tímabundnum mismun .....	58.744	146.694
Breyting á yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	( 428.173)	( 205.590)
Breyting tekjuskattsskuldbindingar .....	<u>( 369.429)</u>	<u>( 58.896)</u>
Afstemming á virku skatthlutfalli	<b>1.1.-30.6.2013</b>	<b>1.1.-30.6.2012</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	1.857.363	294.481
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli .....	20,0% ( 371.473)	20,0% ( 58.896)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	( 0,1%) 2.044	0,0% 0
Virkur tekjuskattur .....	19,9% <u>( 369.429)</u>	20,0% <u>( 58.896)</u>

## Skýringar, frh.:

### 11. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2012 .....	22.666.107	47.332.290	3.122.000	73.120.397
Viðbætur á árinu .....	418.645	75.827	372.035	866.507
Selt og aflagt .....	0	0	( 4.790)	( 4.790)
Staða 31.12.2012 .....	23.084.752	47.408.117	3.489.245	73.982.114
Viðbætur á tímabilinu .....	177.925	26.765	89.195	293.885
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu .....	301.601	0	0	301.601
Selt og aflagt .....	0	0	( 2.111)	( 2.111)
Staða 30.6.2013 .....	23.564.278	47.434.882	3.576.328	74.575.489
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>				
Staða 1.1.2012 .....	4.008.157	8.194.034	730.798	12.932.989
Afskriftir ársins .....	766.203	1.505.057	156.068	2.427.328
Selt og aflagt .....	0	0	( 3.619)	( 3.619)
Staða 31.12.2012 .....	4.774.360	9.699.091	883.247	15.356.698
Afskriftir tímabilsins .....	388.921	755.832	88.089	1.232.842
Selt og aflagt .....	0	0	( 1.608)	( 1.608)
Staða 30.6.2013 .....	5.163.281	10.454.923	969.728	16.587.932
<b>Bókfært verð</b>				
1.1.2012 .....	18.657.950	39.138.256	2.391.202	60.187.408
31.12.2012 .....	18.310.392	37.709.026	2.605.998	58.625.415
30.6.2013 .....	18.400.997	36.979.959	2.606.600	57.987.556
<b>Bókfært verð án endurmats</b>				
1.1.2012 .....	16.025.423	26.567.291	2.391.202	44.983.916
31.12.2012 .....	15.794.313	25.733.557	2.605.998	44.133.868
30.6.2013 .....	15.943.141	25.291.505	2.606.600	43.841.246

#### Endurmat fastafjármuna í rekstri

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þessar eignir voru síðast endurmetnar á árinu 2008.

#### Flutningsvirki í byggingu:

	2013 1.1.-30.6.	2012 1.1.-31.12.
<b>Kostnaðarverð</b>		
Staða 1.1. ....	1.769.671	276.275
Viðbætur á tímabilinu .....	2.859.330	1.506.943
Flutt af / á undirbúningskostnað .....	46.654	( 8.075)
Flutt á rekstrarfjármuni .....	( 301.601)	0
Selt og aflagt .....	0	( 5.472)
Staða 30.6. / 31.12. ....	4.374.054	1.769.671

## Skýringar, frh.:

### 12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða 1.1.2012 .....	1.347.176	386.264	1.733.440
Viðbætur á árinu .....	134.114	5.580	139.694
Flutt af flutningsvirki í byggingu .....	8.075	0	8.075
Selt og aflagt .....	( 7.252)	0	( 7.252)
Staða 31.12.2012 .....	1.482.113	391.844	1.873.957
Viðbætur á tímabilinu .....	63.547	23.055	86.602
Flutt á flutningsvirki í byggingu .....	( 46.654)	0	( 46.654)
Staða 30.6.2013 .....	1.499.006	414.899	1.913.905
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>			
Staða 1.1.2012 .....	212.414	245.089	457.503
Afskriftir og virðisrýrnun ársins .....	8.075	32.149	40.224
Staða 31.12.2012 .....	220.489	277.238	497.727
Afskriftir tímabilsins .....	0	8.211	8.211
Staða 30.6.2013 .....	220.489	285.449	505.938
<b>Bókfært verð</b>			
1.1.2012 .....	1.134.762	141.175	1.275.937
31.12.2012 .....	1.261.624	114.606	1.376.230
30.6.2013 .....	1.278.517	129.450	1.407.967

### 13. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

	30.6.2013	31.12.2012
<b>Langtímaskuldir</b>		
Verðtryggt skuldabréfalán frá móðurfélagi í íslenskum krónum, fastir vextir .....	43.662.452	42.675.190
Lánasamningur í svissneskum frönskum (CHF), libor + álag .....	6.882.162	7.830.765
Verðtryggt skuldabréfalán í íslenskum krónum, fastir vextir .....	5.332.871	5.279.894
	55.877.485	55.785.849
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	( 916.279)	( 968.844)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals .....	54.961.206	54.817.005

Vaxtakjör af lánum félagsins eru frá 0,3% til 5%. Vegnir meðalvextir félagsins eru 3,8% sem er sama hlutfall og í árslok 2012.

#### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir við móðurfélag eru áfallnir vextir vegna verðtryggðs skuldabréfaláns frá móðurfélagi. Í lok júní 2013 námu áfallnir vextir 511 millj. kr.

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:	30.6.2013	31.12.2012
1.7.2013 - 30.6.2014 / 1.1.2013 - 31.12.2013 .....	916.279	968.844
1.7.2014 - 30.6.2015 / 1.1.2014 - 31.12.2014 .....	923.954	976.162
1.7.2015 - 30.6.2016 / 1.1.2015 - 31.12.2015 .....	932.017	983.850
1.7.2016 - 30.6.2017 / 1.1.2016 - 31.12.2016 .....	940.488	991.928
1.7.2017 - 30.6.2018 / 1.1.2017 - 31.12.2017 .....	949.388	1.000.415
Síðar .....	51.215.359	50.864.650
	55.877.485	55.785.849

## Skýringar, frh.:

	<b>2013</b>	<b>2012</b>
	<b>1.1.-30.6.</b>	<b>1.1.-31.12.</b>
<b>14. Tekjuskattskuldbinding</b>		
Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar .....	1.791.932	1.607.613
Tekjuskattur tímabilsins færður í rekstrarreikning .....	369.429	184.319
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins .....	<u>2.161.361</u>	<u>1.791.932</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:		
Rekstrarfjármunir .....	2.664.367	2.756.995
Óefnislegar eignir .....	208.912	197.008
Niðurrifsskuldbinding .....	( 150.879)	( 146.861)
Aðrar skuldbindingar .....	( 155.053)	( 137.342)
Óinnleystur gengismunur .....	16.758	( 26.951)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	( 422.744)	( 850.917)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins .....	<u>2.161.361</u>	<u>1.791.932</u>

## 15. Fjármálagerningar

### Lausafjánhætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

### 30. júní 2013

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan 12 mánaða	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
<b>Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:</b>						
Skuldir við						
móðurfélag ...	44.173.060	54.678.319	1.796.625	1.796.625	5.389.876	45.695.193
Langtímask. .	12.215.033	15.925.129	1.231.476	1.228.363	3.666.486	9.798.804
Viðskiptask. og aðrar skt.sk. ....	1.770.465	1.770.465	1.770.465	0	0	0
	<u>58.158.558</u>	<u>72.373.913</u>	<u>4.798.566</u>	<u>3.024.988</u>	<u>9.056.362</u>	<u>55.493.997</u>

### 31. desember 2012

#### Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:

Skuldir við						
móðurfélag ...	44.077.556	56.474.945	1.796.625	1.796.625	5.389.876	47.491.819
Langtímask. .	13.110.659	16.541.910	1.233.020	1.229.907	3.671.118	10.407.865
Viðskiptask. og aðrar skt.sk. ....	1.594.905	1.594.905	1.594.905	0	0	0
	<u>58.783.120</u>	<u>74.611.760</u>	<u>4.624.550</u>	<u>3.026.532</u>	<u>9.060.994</u>	<u>57.899.684</u>

## Skýringar, frh.:

### 15. Fjármálagerningar, frh.:

#### Gangvirði

#### Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	30.6.2013		31.12.2012	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Langtímakröfur .....	34.929	34.929	34.929	34.929
Lán og kröfur .....	1.609.812	1.609.812	1.339.176	1.339.176
Markaðsverðbréf .....	243.626	243.626	251.027	251.027
Handbært fé .....	9.214.536	9.214.536	10.309.772	10.309.772
Skuldir við móðurfélag, langtíma .....	( 43.662.452)	( 49.017.625)	( 42.675.190)	( 49.613.500)
Aðrar langtímaskuldir .....	( 12.215.033)	( 13.586.933)	( 13.110.659)	( 14.398.193)
Skuldir við móðurfélag, skammtíma .....	( 510.608)	( 510.608)	( 1.402.366)	( 1.402.366)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ..	( 1.770.465)	( 1.770.465)	( 1.594.905)	( 1.594.905)
	( 47.055.655)	( 53.782.728)	( 46.848.216)	( 55.074.060)

#### Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 0,4 prósentustiga álags á uppgjorsdegi.

### 16. Óvissa

Samkvæmt raforkulögum (lög nr. 65/2003) skal Landsnet setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk. Gjaldskráin skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnotenda sem skal ákvörðuð í bandaríkjadöllum. Orkustofnun setti Landsneti tekjumörk fyrir tímabilið 2011-2015 þann 18. júlí 2013. Samkvæmt raforkulögum skulu eigi síðar en 1. ágúst ár hvert liggja fyrir uppfærð tekjumörk og uppgjör Orkustofnunar fyrir fyrra ár, sem og rökstuðningur fyrir breytingum ef einhverjar eru. Ágreiningur hefur verið á milli Orkustofnunar og Landsnets um uppgjör árána 2006 – 2009 vegna túlkunar ákvæða um arðsemisviðmið tekjumark dreifiveitna, en ekki er ágreiningur um tekjumörk stórnotenda.

Landsnet hefur í tvígang kært ákvörðun Orkustofnunar um uppgjör árána 2006 – 2009 til úrskurðanefndar raforkumála, sem hefur ógilt ákvarðanir Orkustofnunar og sent henni málið aftur til endurákvörðunar. Orkustofnun tók síðast ákvörðun um uppgjör umræddra ára þann 20. desember 2012, en sú ákvörðun hefur einnig verið kærð. Orkustofnun birti þann 12. apríl 2012 ákvörðun um uppgjör tekjumark fyrir árið 2010. Ekki er ágreiningur um þá ákvörðun. Tafir á uppgjörum árána 2006 - 2009 hafa valdið nokkurri óvissu um afkomumælingu og fjárhagsstöðu félagsins.

Með lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, var eignagrunni sem grundvallar arðsemi og afskriftir í tekjumörkum stórnotenda breytt yfir í bandaríkjadali miðað við 31. júlí 2007. Lögin tóku gildi í ársbyrjun 2011, en setning tekjumark samkvæmt þeim liggur ekki enn fyrir. Áætlun um vænt tekjumörk voru skorður settar þar sem arðsemiskrafa tekjumark samkvæmt lögnum lá ekki fyrir fyrr en 1. október 2012. Fyrst þá gat Landsnet unnið áætlanir um væntanleg tekjumörk og ákvarðað gjaldskrárbreytingar byggðar á þeim, þannig að tæpum tveimur árum eftir gildistöku laganna var unnt að leggja fram rökstudda ákvörðun um gjaldskrárbreytingu byggða á breyttum raforkulögum. Hagsmunaaðilar hafa kært ákvörðun Orkustofnunar um arðsemiskröfuna til úrskurðarnefndar raforkumála.

#### Stórnotendur

Frá árinu 2005 og fram í ágúst 2007 voru tekjur og tekjumörk Landsnets fyrir stórnotendur í íslenskum krónum. Í ágúst 2007 var gjaldskrá stórnotenda færð yfir í bandaríkjadali (USD) að fengnu samþykki Orkustofnunar, án þess að tekjumörkum væri breytt til samræmis.

Í kjölfar gengisfalls íslensku krónunnar á árinu 2008 jukust tekjur Landsnets vegna stórnotenda verulega í íslenskum krónum. Stjórnvöld sýndu vilja til að takast á við þann vanda sem þetta olli vegna tekjumarkanna og breyta lögum þannig að tekjumörk fyrir stórnotendur yrðu sett í sama gjaldmiðli og gjaldskráin. Með lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, var eignagrunni sem grundvallar arðsemi og afskriftir í tekjumörkum stórnotenda breytt yfir í bandaríkjadali miðað við 31. júlí 2007 og þannig myndað jafnvægi á milli tekjumark og gjaldskrár. Frá 2011 hefur Landsnet safnað inneign vegna stórnotenda og gera áætlanir félagsins ráð fyrir að skuldbindingar vegna oftekinna tekna fyrri ára séu að mestu uppreiddar.

## Skýringar, frh.:

### 16. Óvissa frh.:

#### Dreifiveitur

Í lok júní 2013 er enn óleystur ágreiningur á milli Landsnets og Orkustofnunar um arðsemi sem nota skal við ákvörðun tekjumarka fyrir dreifiveitur á árunum 2006 – 2009 og hvernig túlka skuli bráðabirgðaákvæði raforkulaga þar um. Niðurstaða liggur ekki fyrir og því er ekki ljóst hver staða tekjumarka dreifiveitna er vegna þessa tímabils. Samkvæmt útreikningum Landsnets getur fjárhæð skuldbindingar vegna oftekinna tekna verið frá 0,1 milljarði kr. og allt að 1,5 milljarði kr.

Vegna ákvarðana Orkustofnunar hafði Landsnet höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til að fá úr því skorið hvernig skýra ber umrætt bráðabirgðaákvæði raforkulaga sem hefur gildi fyrir árin 2006 – 2009, en það mál er í bið meðan beðið er eftir niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.

#### Ákvæði laga um endurgreiðslu

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 19/2011, um breytingu á raforkulögum, er kveðið á um að hafi flutningsfyrirtækið oftekið tekjur vegna fyrri ára skuli félagið setja gjaldskrá sína þannig að ofteknar tekjur nemi ekki meira en 10% af tekjumörkum í árslok 2020. Ekki er gert ráð fyrir að ofteknar tekjur séu vaxtareiknaðar eða verðbættar.

Ákvæði laganna gera hvorki kröfu til Landsnets um að afhenda reiðufé eða aðrar eignir vegna oftekinna tekna né kröfu um að félagið afhendi viðbótarþjónustu án endurgjalds. Oftaka tekna skal leiðrétt með almennum breytingum á flutningsgjaldsskrá næstu ára. Landsnet byggir gjaldskrárákvarðanir sínar á tekjumörkum að teknu tilliti til endurgreiðsluákvæðisins.

Á grundvelli ákvæða laga um endurgreiðslu oftekinna tekna og ákvæða alþjóðlegra reikningskilastaða eru ekki færð í árshlutareikninginn nein áhrif vegna væntanlegs uppgjors tekjumarka árunum 2006-2013.

### 17. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins.

#### Viðskipti við tengda aðila

	1.1.-30.6.2013	1.1.-30.6.2012
<b>Sala á vöru og þjónustu:</b>		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess .....	3.928.687	3.395.975
Aðrir hluthafar .....	2.298.202	2.114.677
Sala á vöru og þjónustu til tengdra aðila samtals .....	<u>6.226.889</u>	<u>5.510.652</u>
<b>Rekstrarkostnaður:</b>		
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess .....	768.390	609.274
Aðrir hluthafar .....	220.171	177.409
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals .....	<u>988.561</u>	<u>786.683</u>

Auk rekstrarkostnaðar greiddi félagið móðurfélagi sínu vaxtagjöld að fjárhæð 1.802 millj. kr. (30.6.2012: 1.768 millj. kr.)

## Skýringar, frh.:

---

### 17. Tengdir aðilar, frh.:

#### Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2013		31.12.2012	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess .....	717.600	0	648.398	0
Aðrir hluthafar .....	378.916	0	401.646	( 53.624)
Samtals .....	1.096.516	0	1.050.044	( 53.624)

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2013	31.12.2012
Vaxtaberandi skuldir við móðurfélag, sbr. skýringu 13 .....	43.662.452	42.675.190
Áfallnir vextir við móðurfélag .....	510.608	1.402.366
Samtals .....	44.173.060	44.077.556

### 18. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	1.1.-30.6.2013	1.1.-30.6.2012
Rekstrarhagnaður (EBIT) .....	3.608.665	2.946.136
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) .....	4.849.718	4.177.768
Efnahagur:	30.6.2013	31.12.2012
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir .....	3,65	3,13
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn .....	19,4%	17,7%
Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli .....	22,4%	6,4%